



Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Ísafirði, 16.nóvember 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanna á gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndinni er sérstaklega ætlað að kanna ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla.

Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögunni er sagt frá rannsókn sem greinir frá að hlutfall þeirra sem lýkur ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé um 40%, er það áhyggjuefni. Telja má að aukin náms- og starfsráðgjöf samhliða auknu framboði starfsnáms geti verulega dregið úr brottfalli nemenda.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er sammála um mikilvægi þess að sporna gegn brottfalli úr námi á framhaldsskólastigi og að stuðla að farsælu náms- og starfsvali.

Mikilvægt er að sú nefnd sem skipuð verði fái það hlutverk að skoða aðstæður á landsbyggðinni sérstaklega, líklegt er að ástandið sé ívíg verra á landsbyggðinni þar sem námsframboð er minna.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Anna Lára Jónsdóttir

Anna Lára Jónsdóttir